

Fimmtudaginn 10. desember 1998.

Nr. 54/1998.

Ákærvaldið

(Bogi Nilsson ríkissaksóknari)

gegn

Kristófer Kristóferssyni og

Sigrúnu Öldu Kjærnested

(Brynjar Níelsson hrl.)

Þjófnaður. Hylming. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Pétur Kr. Hafstein, Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen, Haraldur Henrysson og Hjörtur Torfason.

Ákærvaldið skaut málinu til Hæstaréttar 29. janúar 1998 í samræmi við óskir ákærðu, en einnig af hálfu ákærvaldsins, sem krefst þyngingar á refsingum ákærðu og staðfestingar á ákvæði héraðsdóms um skaðabætur.

Ákærði, Kristófer, krefst sýknu af ákæru fyrir brot gegn 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en til vara krefst hann mildunar á refsingu. Þá krefst hann frávísunar bótakröfu, en til vara, að hún verði lækkuð.

Ákærða, Sigrún Alda, krefst þess, að bótakröfu á hendur sér verði vísað frá dómi, en til vara, að hún verði lækkuð.

Nokkur ný skjöl hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

I.

Eins og fram kemur í héraðsdómi, hvarf umslag með peninga-sendingu frá A/S Jyske Bank í Danmörku til Landsbanka Íslands í póstmíðstöðinni að Ármúla 25 í Reykjavík 24. nóvember 1996. Í umslaginu voru 52.000 bresk sterlingspund í 50 punda, 20 punda og 10 punda seðlum. Af hálfu ætlaðs viðtakanda peninganna var vitað um númer 10 punda seðlanna, en þeir voru 200 talsins í sendingunni.

Við rannsókn máls þessa í febrúar 1997 lagði lögregla hald á 45.100 pund, sem voru í fórum ákærðu í máli þessu. Voru þar á meðal 200 10 punda seðlar, og komu númer þeirra heim og saman

við númer seðla þeirra, sem saknað var úr sendingunni, sem hvarf 24. nóvember 1996. Auk þess lagði lögregla hald á 112.390 krónur, sem meðákærða í héraði, sem ekki hefur áfrýjað héraðsdómi, hafði fengið við sölu á 1.000 pundum í Múlaútibúi Landsbanka Íslands 24. febrúar 1997.

Fram kemur í gögnum málsins, að 10. apríl 1997 sendi Rannsóknarlögregla ríkisins A/S Jyske Bank samtals 45.261,80 pund, og höfðu þá bæst við ofangreinda fjárhæð vextir, frá að því hún hafði verið lögð inn á reikning hjá Búnaðarbanka Íslands. Jafnframt voru sendar 112.734,44 krónur, sem voru andvirði ofangreindra 1.000 punda, auk vaxta. Telst sú fjárhæð þá hafa jafngilt 994,74 pundum. Var þannig samtals skilað 46.256,54 pundum til Jyske Bank.

II.

Óumdeilt er, að þau ensku pund, sem hald var lagt á við rannsókn lögreglu í febrúar 1997, og þau 1000 pund, sem seld höfðu verið í banka, höfðu verið í vörslum ákærðu. Verður að telja sannað, að um hafi verið að ræða stærstan hluta peningasendingarinnar, sem hvarf 24. nóvember 1996 frá póstmíðstöðinni að Ármúla 25.

Ákærði, Kristófer, var að störfum umræddan dag sem tollvörður og kom þá tvívegis í Ármúla 25. Hefur ekkert komið fram í málinu, sem bendir til annars en hann hafi við framkvæmd starfs síns haft tækifæri til að taka umrætt umslag. Eins og rakið er í héraðsdómi, voru frásagnir hans hjá lögreglu um það, hvers vegna féð var í hans höndum, ósamkvæmar innbyrðis. Við yfirheyrslu 25. febrúar 1997, sem réttargæslumaður ákærða hafði frumkvæði að, játaði ákærði að hafa tekið umslagið, er hann hefði komið í póstmíðstöðina um kl. 15.00 til 15.30 umræddan dag. Gaf hann í yfirheyrslunni skýra lýsingu á því, hvernig hann stóð að verki. Kvaðst hann samdægurs hafa farið með peningana, sem hann hefði tekið úr umslaginu, og falið þá í gjótu í Hafnarfjarðarhrauni. Einnig lýsti hann samskiptum sínum við meðákærðu um hugsanlega ráðstöfun fjáris.

Ákærði var látinn laus úr haldi lögreglu, eftir hann hafði gefið skýrslu þessa. Næsta dag kom hann til lögreglu og afturkallaði játningu sína, sem hann kvaðst hafa gefið til þess að koma í veg fyrir, að eiginkona sín yrði úrskurðuð í gæsluvarðhald.

Arnar Jensson aðstoðaryfirlögregluþjónn, sem yfirheyrði ákærða,

kom fyrir dóm og kvað verjanda ákærða hafa haft samband við sig og tjáð sér, að ákærði hefði viðurkennt fyrir honum að hafa stolið peningunum og vildi bera um það. Vitninu fannst þetta skipta miklu og taldi rétt að hefja skýrslutöku þá þegar. Taldi vitnið, að ekki hefði verið búið á þessum tíma að segja ákærða, að ákveðið hefði verið að óska eftir gæsluvarðhaldi yfir honum og eiginkonu hans. Vitnið mundi ekki til að hafa séð neitt athugavert við það, þegar ákærði játaði þjófnaðinn.

Þegar það er virt, sem fyrir liggur í málinu, þ. e. um veru ákærða, Kristófers, í póstmíðstöðinni 24. nóvember 1996, handhöfn hans á umræddu fé í febrúar 1997, afdráttarlausu játningu hans hjá rannsóknarlögreglu 25. þess mánaðar og framkomu hans að öðru leyti við rannsókn málsins, þykja ekki efni til að hnekkja mati héraðsdóms, sem skipaður var þremur dómurum, um sök ákærða. Er brot hans réttilega heimfært til refsíákvæða í dóminum. Með skírskotun til forsendna hans er og staðfest ákvörðun um refsingu ákærða.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms er staðfest niðurstaða hans um þátt ákærðu, Sigrúnar Öldu, heimfærslu atferlis hennar til refsíákvæða og um refsingu hennar.

III.

A/S Jyske Bank gerði kröfu á hendur ákærðu um greiðslu á 5.908,33 pundum, sem eru mismunur á 52.000 pundum og 46.091,67 pundum. Er þá ekki tekið tillit til þeirra vaxta, sem féllu á fé það, sem lögregla lagði hald á, sbr. það, sem rakið var í I. kafla dómsins. Jafnframt er krafist vaxta án nánari tilgreiningar. Svo sem áður greinir, var samtals skilað til bankans 46.256,54 pundum, og vantaði þá 5.743,46 pund upp á fjárhæð þá, sem stolið var 24. nóvember 1996. Verður við það miðað, að tjón bankans nemi þeirri fjárhæð. Þegar litið er til þess, hvernig ákærðu stóðu saman að ákvörðun um varðveislu fjárins og undirbúningi þess að skipta því í bönkum, ýmist sjálf eða fyrir milligöngu annarra, verða þau talin bera sameiginlega ábyrgð á tjóni bótakrefjanda og verða dæmd til greiðslu fyrrgreindrar fjárhæðar með vöxtum, eins og í dómsorði segir.

Staðfest er ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað. Dæma ber ákærðu til greiðslu áfrýjunarkostnaðar, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Héraðsdómur skal vera óraskaður, að því er varðar refsingu ákærðu, Kristófers Kristóferssonar og Sigrúnar Öldu Kjærnested, svo og um greiðslu þeirra á sakarkostnaði.

Ákærðu greiði óskipt A/S Jyske Bank í Danmörku 5.743,46 sterlingspund með meðaltalsvöxtum innlánsstofnana á innlendum gjaldeyrisreikningum, sbr. 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, frá 24. nóvember 1996 til greiðsludags.

Ákærðu greiði sameiginlega áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, samtals 40.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Brynjars Níelssonar hæstaréttarlögmans, samtals 80.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 19. nóvember 1997.

Mál þetta er höfðað fyrir dóminum með ákæruskjali ríkislögreglustjóra, dagsettu 17. október sl., á hendur ákærðu, Arnfríði Thorlacius Pétursdóttur, kt. 020665-4759, Arngrími Arngrímssyni, kt. 270664-5209, báðum að Hörpugötu 9 í Reykjavík, og Kristófer Kristóferssyni, kt. 271059-5319, og Sigrúnu Öldu Kjærnested, kt. 090367-4989, báðum að Esjugrund 31 á Kjalarnesi.

Í ákæru segir, að málið sé höfðað á hendur ákærðu „fyrir auðgunarbrot með eftirgreindum hætti:

I.

Ákærða Kristófer er gefinn að sök þjófnaður og brot í opinberu starfi með því að hafa sunnudaginn 24. nóvember 1996, er hann var við störf sem tollvörður í póstmíðstöðinni, Ármúla 25, Reykjavík, stolið umslagi með verðsendingu („værdibrev“) til Landsbanka Íslands frá Jyske Bank í Danmörku, sem í voru bresk pund, alls GBP 52.000 í seðlum, en umslagið var í póstgrind á jarðhæð hússins.

Telst þetta varða við 244., sbr. 138. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

II.

Ákærðu Sigrúnu Öldu er gefin að sök hylming með því að hafa þrátt fyrir vitneskju um, að peningarnir væru fengnir með auðgunarbroti, lagt á ráðin ásamt eiginmanni sínum, meðákærða Kristófer, að skipta a. m. k. GBP 46.700 af hinu stolna fé, sem meðákærði Kristófer sýndi henni á heimili

þeirra að Esjugrund 31 um miðjan janúar 1997, og geymdu þau um helming fjárins á heimilinu, og hafa í félagi við meðákærða Kristófer leitað til meðákærðu Arngríms og Arnfríðar í því skyni að fá aðstoð þeirra við að skipta peningunum, en að auki skipti ákærða GBP 1.000 í Búnaðarbanka Íslands, Mosfellsbæ, 19. febrúar 1997 og notaði andvirði GBP 600 til að greiða sam-eiginlega reikninga vegna heimilishalds síns og meðákærða.

Telst þetta varða við 1. mgr. 254. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

III.

Ákærðu Arnfríði og Arngrími er gefin að sök hylming með því að hafa í febrúar 1997 þrátt fyrir vitneskju um, að peningarnir væru fengnir með auðgunarbroti, tekið við af meðákærðu u. þ. b. 20.000 pundum af hinu stolna fé á heimili ákærðu að Dvergaborgum 2, Reykjavík, í því skyni að taka þátt í að skipta peningunum, og með því að beita sérþekkingu sinni sem fyrrum bankagjaldkeri aflaði ákærða Arnfríður upplýsinga þess efnis, að óhætt væri að skipta 20 og 50 punda seðlum, en ekki 10 punda seðlum, og miðlaði hún þessum upplýsingum til meðákærðu. Fyrir þetta fengu ákærðu Arnfríður og Arngrímur í sinn hlut um GBP 10.000 til eignar, en létu meðákærðu fá aftur um GBP 10.000, og auk þess skipti ákærða Arnfríður GBP 1.000 í Landsbanka Íslands, Múlaútibúi, 24. febrúar 1997. Var ákærða Arngrími kunnugt um, að hún ætlaði að skipta hluta fjárins í bankanum þann dag, en nokkrum dögum áður hafði ákærða Arnfríður sett sig í samband við þann gjaldkera, sem hún skipti fénu hjá í bankanum og ákærða þekkti, og afhenti Arngrímur henni GBP 5.250 með ósk um að skipta hluta þeirra og lofaði gjaldkeranum jafnframt, að hún mætti eiga GBP 3.000 fyrir greiðann.

Telst þetta varða við 1. mgr. 254. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmd til refsingar.

Bótakrafa:

Jyske Bank, Danmörku, krefst bóta, að fjárhæð GBP 5.908,33, auk vaxta frá 24. 11. 1996.“

Málavextir.

Mánudaginn 25. nóvember sl. barst Rannsóknarlögreglu ríkisins bréf frá Pósti og síma, umdæmi VI, og var þess óskað, að tekið yrði til rannsóknar hvarf verðsendingar til Landsbanka Íslands í póstmíðstöðinni daginn áður, en enginn vafi væri á því, að hún hefði verið tekin ófrjálsri hendi. Hefði sendingin verið skráð frá ábyrgðardeild ásamt öðrum skráðum sendingum, sem setja þurfti í tollskoðun. Síðan væri farið með þessar sendingar í opinni kerru niður í bögglaðeild, þar sem kvittað hefði verið fyrir viðtöku kl. 14.30. Starfsmaður í bögglaðeild færi með kerruna inn til tollvarða, sem ákvæðu,

hvað af sendingunum væri tollfrjálst og hvað ekki. Samkvæmt frásögn tollvarðar hafði hann skilað sendingunum fram á skrifstofu bögglaðeildar um klukkustund síðar, en um kl. 18.30, þegar farið var yfir sendingarnar og þær bornar saman við skrá frá bréfadeild, kom í ljós, að eitt af fimm verðbréfum til Landsbankans var horfið. Nákvæm leit bar ekki árangur. Starfsmenn, sem voru við störf umræddan dag, voru flestir farnir, en vinnu lauk kl. 19. Ekki var hægt að benda á neinn einn öðrum fremur sem líklegan sökudólg, og enginn mundi í fljótu bragði eftir neinum óviðkomandi á ferð um vinnustaðinn, enda engin afgreiðsla opin á sunnudögum.

Þriðjudaginn 26. nóvember sl. fóru tveir rannsóknarlögreglumenn í vettvangsskoðun í póstmíðstöðina. Í skýrslu annars þeirra kemur fram, að í verðsendingunni hafi verið jafnvirði um 5.800.000 íslenskra króna. Forstöðumaður deildarinnar skýrði fyrir lögreglumönnum ferli verðsendinga, sem samkvæmt skýrslu lögreglumannsins er bæði langt og flókið, og fara sendingar um hendur margra aðila og milli hæða, áður en þær komast á leiðarenda, og auk þess lítills öryggis gætt við vörslu þeirra. Liggja sendingar þessar m. a. í opnum hirslum, þar sem nánast hver, sem er, hefur aðgang að þeim. Fram kom, að um 40 manns hefðu verið á vakt umræddan dag, þegar sendingin hvarf.

Samkvæmt upplýsingum Landsbankans voru í horfna umslaginu 52.000 sterlingspund, 600 stk. 50 punda seðlar, 1000 stk. 20 punda seðlar og 200 stk. 10 punda seðlar.

Þá hefur Jóhanna Guðbjartsdóttir, deildarstjóri í starfsstöð tollvarða í póstmíðstöðinni, gefið rannsóknarlögreglu lýsingu á ferli verðsendinga. Er það þetta:

1. Sendingin kemur í innsigliðum poka frá Keflavíkurflugvelli.
2. Innsiglið er rofið og pokinn opnaður í móttöku á jarðhæð, þar sem innihaldið er flokkað, almennar sendingar settar sér og ábyrgðarpóstur settur í opna grind, sem er ekið upp í ábyrgðardeild á 2. hæð.
3. Plastpoki með ábyrgðarsendingum er opnaður í ábyrgðardeild og innihaldið stemmt af við fylgiskjöl og sendingarnar skráðar í bækur póstsins og settar í lokaða grind, sem er ekið niður aftur.
4. Lokuðu grindinni er ekið ýmist í bögglaðeild eða beint í starfsstöð tollvarða, en dyrnar á þeim stöðum eru hvorar gegnt annarri við sama gang á jarðhæð.
5. Sendingarnar skoðaðar í starfsstöð tollvarða og þær sendingar, sem eru tollfrjálsar, þar með taldar verðsendingar, stimplaðar sem slíkar og settar í lokaða grind, sem ekið er yfir í bögglaðeild.
6. Þegar tími vinnst til, er útbúið fylgiskjal á verðsendingar í bögglaðeild, og þar er stemmt af miðað við skráðar sendingar í ábyrgðardeild.

7. Verðsendingar settar í læstan peningaskáp.

Engar tímasetningar eru skráðar, og engin afstemming fer fram fyrr en í bögglaðeild í lok ferilsins.

Af hálfu rannsóknarlögreglu var ekkert gert frekar í málinu, en sunnudaginn 23. febrúar sl. hringdi Gréta Snæfells, Akurgerði 1 á Akranesi, til lögreglumanns þar í bænum og skýrði honum frá því, að hjá sér væri í heim-sókn vinkona sín úr Reykjavík, sem ætti í vandræðum. Óskaði Gréta eftir því, að lögreglumaðurinn, Viðar Stefánsson, mælti sér mót við þær vegna þessa.

Klukkan 15.30 þennan sunnudag kom síðan til lögreglumannsins á skrifstofu rannsóknardeildar lögreglunnar á Akranesi áðurgreind Gréta ásamt Iðunni Gestsdóttur, Ferjubakka 6 í Reykjavík, sem sagði lögreglumanninum sögu sína.

Iðunn sagði, að mánudaginn 17. febrúar hefði kunningjakona sín komið til sín og sagt þá sögu, að hún og maður sinn hefðu verið fyrir tveim vikum í sumarbústað uppi í Borgarfirði ásamt þrennum öðrum hjónum. Þá hefði hundur, sem einhver var með þarna, komið inn með poka og sett á gólfíð. Þegar að var gáð, hefðu verið í pokanum fíkniefni, amfetamín, hass og einhverjar pillur í poka. Þá hefðu einnig verið í pokanum enskir pundsseðlar, þ. e. 20 og 50 punda, þó mest 20 punda seðlar. Hefði þetta verið límt saman með límbandi. Iðunn sagði, að kunningjakona sín hefði sagt, að þau í sumar-bústaðnum hefðu í fyrstu ekki þorað að snerta þetta, en síðan notað gúmhanska. Þá hefði hún sagt, að eftir umræður hefðu viðstaddir komist á þá skoðun að halda peningunum, en eyða eitrinu. Það hefðu þau réttlætt með því, að annars myndu peningarnir renna í ríkissjóð, og væri alveg eins gott, að þau ættu þá sjálf.

Iðunn kvaðst hafa sagt kunningjakonu sinni, að hún ætti ekki að koma nálægt þessu, og kvaðst eiginlega ekki hafa lagt trúnað á söguna, en kunningjakona sín þá sagt, að hún skyldi sýna henni þetta. Þriðjudagskvöldið 18. febrúar hefði hún svo komið á heimili hennar með poka, sem í var mikið af enskum pundum, nýjum seðlum í númeraröð í búntum, en kunningjakonan hefði rífið miðana utan af þeim. Kvaðst Ingunn hafa haldið einum miðanum til haga og afhenti lögreglumanninum hann. Þá sagði Iðunn, að í pokanum hefðu verið einhverjir hankar, en ekki vita, hversu miklir peningar hefðu verið í pokanum. Sagði Iðunn, að kunningjakona sín hefði þetta þriðjudagskvöld beðið sig að skipta peningunum í íslenska peninga og nota til þess aðstöðu sína sem bankagjaldkeri. Var kunningjakonan með ráðagerðir, hvernig ætti að fara að því, og skildi eftir hjá Iðunni 3.600 til 3.700 pund. Átti Iðunn að skipta því, sem væri fram yfir 3.000 pund, en þau átti hún að fá sem þóknun fyrir að skipta pundunum.

Iðunn kvaðst hafa hugsað málið, þegar kunningjakonan var farin, og ákveðið að koma ekki nálægt þessu. Hefði hún hringt í kunningjakonuna og sagt henni að koma og sækja peningana, en það hefði hún ekki haft tök á að gera fyrir en sunnudaginn 23. febrúar. Sagði Ingunn, að peningarnir væru þess vegna enn á heimili sínu. Hún hefði svo eftir frekari umhugsun ekki talið sér fært að láta við svo búið standa, sérstaklega með tilliti til þess, hvernig sagan væri á bak við peningana, og væri hún vantrúuð á sannleiksgildi hennar. Það kom fram hjá Iðunni, að kunningjakonan hefði sagt, að enginn vissi, að hún væri að tala við hana, og jafnframt, að peningunum ætti að skipta í nfu hluta og hún að fá 1/9 hlutann fyrir að skipta peningunum.

Iðunn sagði, að á einhverju stigi samtals síns og kunningjakonunnar hefði það komið fram, þegar þær ræddu um fíkniefnin, að konan hefði sagt um einhvern þeirra, sem voru í sumarbústaðnum: „Hann ætti að þekkja þetta, hann vinnur við þetta.“ Hefði konan þá sagt um hundinn, sem fann pakkann, að það væri fíkniefnahundur. Ekki hafði Ingunn fengið upp gefið, hverjir voru með í för umrætt sinn né hvar bústaðurinn væri, en í Borgarfirði væri hann og sennilega í eigu félagasamtaka. Þá kom fram hjá Iðunni, að konan hefði sagt, að þau hefðu gengið úr skugga um, að hundurinn hefði grafið pakkann upp á næstu lóð. Í lok yfirheyrslunnar upplýsti Iðunn, að umrædd kunningjakona sín væri ákærða Arnfríður Thorlacius Pétursdóttir.

Viðar lögreglumaður fylgdi Iðunni til Reykjavíkur á fund Rannsóknarlögreglu ríkisins. Var tekin þar af henni skýrsla efnislega samhljóða því, sem Iðunn hafði sagt lögreglunni á Akranesi, en að skýrslutöku lokinni klukkan 15.30 fóru rannsóknarlögreglumenn með Iðunni heim til hennar, og afhenti hún þeim þar lítinn plastpoka. Í honum voru þó nokkuð mörg búnt með 20 punda seðlum og nokkrir 50 punda seðlar. Við talningu reyndust 50 punda seðlarnir vera 5, en 20 punda seðlarnir 250, samtals 5.250 pund.

Klukkan 17.30 þennan sunnudag fóru rannsóknarlögreglumenn enn á heimili Iðunnar til að vera viðstaddir, þegar Iðunn afhenti ákærðu Arnfríði pundin. Ekki náðist samband við ákærðu Arnfríði í síma, en klukkan 18.30 hringdi hún og sagði Iðunni, að hún gæti ekki komið, þar sem hún væri að fara út að borða. Að beiðni lögreglumannanna sagði Iðunn ákærðu að koma í Múlaútibú Landsbankans fyrir klukkan 10 næsta morgun, þar sem hún þyrfti að fara til tannlæknis kl. 10.30.

Næsta morgun var ákærða Arnfríður síðan handtekin í Múlaútibú Landsbankans. Er gerð grein fyrir handtökunni í lögregluskýrslu, en að henni stóðu sex rannsóknarlögreglumenn, tveir, sem fylgdust með ákærðu,

þegar hún kom í bankann, og fjórir í bifreið fyrir utan hann. Kom ákærða í bifreið að bankanum kl. 9.35 ásamt ungri dóttur sinni. Gekk ákærða strax að gjaldkerastúkunni, þar sem Iðunn var, og talaði eitthvað við hana, en heilsaði síðan upp á starfsfólkið, en hún hafði verið starfsmaður í útibúinu, eins og síðar verður vikið að. Eftir að hún hafði rætt við starfsfólkið, átti ákærða einhver viðskipti við Iðunni og afhenti henni síðan innkaupapoka merktan Hagkaup. Þá fór ákærða til þjónustufulltrúa og dvaldist hjá honum dálitla stund, en að því búnu aftur til Iðunnar og talaði við hana. Loks fór ákærða í kaffi inn á kaffistofu. Klukkan 10 komu þau boð frá Arnari Jenssyni aðstoðaryfirlögregluþjóni, sem fylgst hafði með gangi málsins um fjarskipti, að ákærða skyldi handtekin. Var hún síðan handtekin á kaffistofunni og færð í starfsstöð rannsóknarlögreglu. Þegar ákærða hafði verið færð á brott, upplýsti Iðunn, að ákærða hefði skipt 1.000 pundum í íslenskar krónur í nafni Friðriks Höskuldssonar og með kennitölu hans, en síðan afhent sér peningapokann. Kom þá í ljós, að ákærða hafði rætt við þjónustufulltrúann um málefni Friðriks, en hún sæi um fjármál hans.

Eftir handtöku ákærðu Arnfríðar voru ákærðu Kristófer og Sigrún Alda handtekin síðar sama dag, en áður hafði verið tekin skýrsla af ákærðu Arnfríði, þar sem fram kom um þátt þeirra í málinu. Þá gaf ákærði Arngrímur skýrslu þennan sama dag, og voru ekki teknar af honum fleiri skýrslur hjá rannsóknarlögreglu. Ákærða Arnfríður var yfirheyrð tvisvar daginn, sem hún var handtekin, og einu sinni næsta dag. Ákærði Kristófer var yfirheyrður af rannsóknarlögreglu fjórum sinnum, tvisvar daginn, sem hann var handtekinn, og einu sinni hvorn næstu daga. Ákærða Sigrún Alda var yfirheyrð einu sinni daginn, sem hún var handtekin, og tvisvar næsta dag. Ekki þykir ástæða til þess að rekja þessar skýrslur sérstaklega að öðru leyti en því, sem fram kom hjá ákærða Kristófer í þeim, en í fyrstu yfirheyrslu skýrði ákærði svo frá, að kona sín hefði fundið seðlabúnt með 1.000 pundum í 50 punda seðlum á kvennasalerninu á veitingahúsinu Dubliners, þar sem þau hefðu verið að skemmta sér föstudagskvöldið 7. febrúar sl. Hefði kona sín í sl. viku skipt 600 pundum í íslenska peninga til að greiða með reikninga, en afgangurinn væri heima hjá sér. Síðar í sömu yfirheyrslu sagði ákærði, að hann sem umsjónarmaður fíkniefnahunds tollgæslu Íslands hefði um miðjan desember sl. verið að viðra hundinn og æfa í Hafnarfjarðarhrauni nálægt kvartmílubrautinni fyrir austan Straumsvík, þegar hundurinn hefði fundið pakka, sem legið hefði undir grjóti í hrauninu rétt við kvartmílubrautina, og í honum verið ensk pund, en ekki vissi hann fjárhæðina. Í næstu skýrslu hélt ákærði fast við sögu sína um fund pundanna, en nú kvaðst hann hafa fundið þau í gjótu og áætlaði, að um hefði verið að

ræða 50–60.000 pund. Í þriðju yfirheyrslunni, sem ákærði óskaði sjálfur eftir, viðurkenndi hann að hafa stolið pundunum í tollpóststofunni í Ármúla í nóvember sl. og lýsti því nánar. Í fjórðu skýrslu, sem tekin var að ósk ákærða, dró hann játningu sína um þjófnaðinn til baka og hefur síðan haldið sig við það, að hann hafi fundið pundin í gjótunni.

Ákærði Kristófer vísaði á gjótuna, og samkvæmt mælingum rannsóknarlögreglu mældist annað opið 90 × 80 cm og dýpið u. þ. b. 135–190 cm. Hitt opið mældist u. þ. b. 80 × 70 cm og dýpið 100–190 cm.

Auk framangreindra yfirheyrslna yfir ákærðu voru teknar skýrslur af vitnum við rannsókn málsins hjá rannsóknarlögreglu, en ekki þykir ástæða til að rekja þær.

Verður nú gerð grein fyrir framburði ákærðu og vitna við meðferð málsins.

Ákærða Arnfríður viðurkennir að hafa gerst sek um hylmingu, en kannast hins vegar ekki við að hafa vitað, að féð væri stolið. Hún segist nánin vinkona ákærðu Sigrúnar Öldu í meira en sex ár og þær umgengist hvor aðra mjög mikið. Segir ákærða, að ákærða Sigrún Alda hafi haft samband við sig í síma um mánaðamót janúar/febrúar sl., og kvaðst hún vilja hitta ákærðu og ræða við hana um „business“, en ekki vildi hún ræða málið frekar í síma. Sagði ákærða Sigrún Alda, að ákærði Kristófer, maður sinn, myndi koma við hjá ákærðu einhvern daginn og ræða málin, en ákærði Arngrímur, eiginmaður ákærðu, mætti ekki vita um það. Ákærði Kristófer kom síðan um miðjan febrúar heim til ákærðu, og kvaðst hann hafa undir höndum um 12.000 ensk pund. Ákærði Kristófer sagði ákærðu, að hann hefði verið að viðra fíkniefnahund, sem hann sá um á vegum tollgæslunnar, og hefði hundurinn þá fundið pakka með pundunum, en ekki kom fram hjá ákærða Kristófer, hvar hann hefði verið að viðra hundinn eða hvort hann hefði verið einn með hann. Spurði ákærði Kristófer, hvort ákærða væri til í að fara til London með ákærðu Sigrúnu Öldu og skipta þar stærri seðlum í minni, t. d. með því að kaupa eitthvert smáræði og fá til baka. Þetta fannst ákærðu fráleitt og sagði sambýlismanni sínum, Arngrími, frá þessu, en hann brást illa við og bannaði ákærðu að koma nærri málinu. Í heimsókninni bað ákærði Kristófer ákærðu að koma í heimsókn til sín og ákærðu Sigrúnar Öldu og sjá pundin, og fóru þau ákærða og ákærði Arngrímur þangað nokkrum kvöldum síðar.

Sótti þá ákærði Kristófer inn í svefnherbergisálmu hússins pakka, sem búið var að rífa upp, en pakinn hafði verið með hvítum pappír utan um og límdu með brúnu, breiðu límbandi. Sýndi ákærði Kristófer þeim ákærða Arngrími pakkann, en í honum hefðu verið um 20.000 pund í enskum

pundsseðlum í 20 og 50 punda seðlum. Ákærða man ekki, hvernig þeir skiptust, en kveðst hafa sagt rannsóknarlögreglunni frá því á sínum tíma. Ákærða kveðst hafa talið í einu búntinu, sem var í pakkanum, og giskaði síðan á, hver heildarfjárhæðin væri út frá þeirri talningu. Segir ákærða, að ákærði Kristófer hafi snert seðlana með gúmhönskum og einnig þau hin ákærðu nema ákærði Arngrímur, sem snerti ekki á seðlunum. Sagði ákærði Kristófer, að hann vildi ekki skilja eftir fingraför á þeim. Fram kom hjá ákærða Kristófer, að hann gæti sem tollvörður ekki gert neitt með pakkann, þar sem umslag með peningum hefði horfið hjá tollinum, og gæti hann ekki skilað peningunum. Ákærða hafði ekki á þessum tíma heyrt, að pakki með peningum hefði horfið hjá tollinum. Í þessari heimsókn til ákærðu Kristófers og Sigrúnar Öldu sótti annað þeirra lítinn plastpoka með smellulokum og sýndi ákærðu og ákærða Arngrími. Sögðu ákærði Kristófer og ákærða Sigrún Alda, að poki þessi hefði verið í pakkanum með pundunum, en í honum væri eitthvert eiturlyf. Þá kom fram, að ákærðu minnir, að ákærða Sigrún Alda segði, að þau Arngrímur mættu eiga helminginn af pundunum, en ekki man ákærða, hvort það var skilyrði, að hún aðstoðaði við að skipta pundunum, en man, að farið var fram á slíkt í þessari heimsókn. Engar ákvarðanir voru teknar í þessu efni og ekki rætt út um málið, og ekki fengu ákærða og ákærði Arngrímur neina peninga afhenta.

Ákærða segir, að ákærði Arngrímur hafi, þegar heim var komið, aftekið með öllu, að ákærða tæki þátt í þessu á einn eða annan hátt. Ákærða hugsaði síðan málið án þess að taka ákvörðun. Hafði hún efasemdir um uppruna fjáris og grunaði, að það stafaði frá einhverju fíkniefnabraski, og var hrædd við það. Það hvarflaði aldrei að ákærðu, að ákærði Kristófer hefði stolið seðlunum. Hún kveðst hafa áttað sig á því, þegar hún sá peningabúntin fyrst, að þau kæmu ekki úr venjulegri bankaafgreiðslu, heldur væri búið um þau á svipaðan hátt og þegar Seðlabankinn sendir seðla frá sér til íslenskra banka.

Næst talaði ákærða við Önnu Írisi, gjaldkera í Múlaútibúi Landsbankans, en þar vann ákærða í ellefu ár, til 1. desember sl. Kvaðst ákærða muna eftir plaggi, sem hefði komið í bankann, þegar ákærða vann þar, en í því voru upplýsingar um glataða poundsseðla, en ekki númer þeirra nema 10 punda seðla. Rifjaði ákærða þetta upp við Önnu Írisi, sem staðfesti það, sem ákærðu minnti, en ákærða gaf sem ástæðu fyrirspurnarinnar, að vinafólk sitt væri að selja bifreið og ætti að fá hana greidda í pundum. Ákærða man ekki verðmæti þeirra poundsseðla, sem voru í áðurgreindu plaggi. Þessu næst hringdi ákærða að kvöldi dags í ákærða Kristófer og sagði honum, að poundsseðlarnir væru ekki eftirlýstir, svo að hún vissi, en taldi, að í plagginu,

sem var í bankanum, væru númer á 10 punda seðlum. Í þessu símtali ákváðu þau að hittast heima hjá ákærðu, og spurði ákærða, hvort hún ætti að tala við frænku sína og vinkonu, Iðunni Gestsdóttur, gjaldkera í Múlaútibúi Landsbankans, um möguleika á að skipta pundunum í aðra seðla. Samþykkti ákærði Kristófer það. Fór ákærða þá til Iðunnar og ræddi málið við hana, og eftir það kom ákærði Kristófer á heimili ákærðu og ákærða Arngríms og var þá með alla pundsseðlana, sem ákærða hafði séð heima hjá honum, eða svo taldi hún vera. Skildi ákærði Kristófer seðlana eftir hjá ákærðu, en hún fór eftir það aftur til Iðunnar og afhenti henni samtals 5.250 pund, en af því átta 3.000 pund að koma í hlut Iðunnar. Ákærða kveðst hafa sagt Iðunni þá sögu, að þau ákærði Arngrímur og þrenn önnur hjón hefðu verið í sumarbústað, og hefði hundur þar fundið dularfullan pakka, sem í voru ensk pund og eitthvað af „dópi“. Minnir ákærðu, að hún hafi sagt, að sumarbústaðurinn væri í Borgarfirði. Var hugmyndin að fá Iðunni til að skipta meiru, ef vel gengi með fyrsta skammtinn, en ekki átti hún að fá meiri þóknun, þótt hún skipti meiru, og ekki var ætlunin, að öllu yrði skipt í Múlaútibúi.

Ákærða segir, að ákærða Sigrún Alda hafi sagt sér í símtali fyrir helgina, að hún hefði farið í Búnaðarbankann í Mosfellsbæ og skipt þar 1.000 pundum. Varð ákærða skelkuð, þegar hún heyrði um þetta. Kveðst hún, þegar hér var komið, hafa beðið komu Iðunnar, en hún var utan borgarinnar, og ætlað að ræða við hana um þessi mál, en kveðst sjálf hafa verið að guggna. Kveðst ákærða hafa hringt í Iðunni kl. 18.30 að kvöldi 23. febrúar sl. Var ákærða ákveðin í því að biðja Iðunni um peningana að nýju og hætta við allt saman. Þegar ákærða náði í Iðunni umrætt kvöld, sagðist Iðunn ekki vilja taka þátt í þessu og losna við pundin. Varð ákærða þessu fegin, enda ætlaði hún sjálf að leggja þetta til. Vildi hún nú hitta Iðunni strax, en það var ekki hægt. Ákváðu þær, að ákærða kæmi í bankann mánudagsmorguninn 24. febrúar og tæki aftur við pundunum. Átti Iðunn að hafa þau í poka og einhver fót yfir, svo að ekki sæist, hvað um væri að ræða. Ákærða kom síðan í bankann, tók við pundunum, en var síðan handtekin á kaffistofu bankans með pokann án þess að hafa titið í hann.

Ákærða segir þau fjögur aldrei hafa rætt um það, að seðlarnir, sem ákærði Kristófer kveðst hafa fundið, væru hugsanlega úr horfnu peningasingunni frá tollinum, og aldrei rætt um þá hlið málsins. Ákærða segir ákærða Kristófer aldrei hafa orðað, að hvarf peninganna í tollinum væri ástæða þess, að hann þyrði ekki að skila peningunum til yfirvalda. Sjálf trúði ákærða í fyrstu ekki sögu ákærða Kristófers um fund seðlanna, en síðar fór hún að trúa henni, þegar hún fór að hugsa um stöðu hans. Ákærða

spurði bæði Iðunni og Önnu Írisi um tilkynningar um stolna pundsseðla, en hvorug mundi eftir öðrum tilkynningum en þeirri, sem ákærða vissi sjálf um. Kveðst ákærða hafa viljað hjálpa ákærðu Kristófer og Sigrúnu Öldu, af því að hún vissi, að þau voru í fjárhagsvandráðum vegna húss, sem þau höfðu keypt árið áður. Var frekar um vorkunnsemi að ræða en að ákærða ætlaði sjálf að hagnast á málinu. Þá treysti ákærða þeim sem bestu vinum, að þau væru ekki að gera neitt ólöglegt. Sjálf skipti ákærða í íslenska peninga 1.000 pundum í Múlaútibúi mánudaginn 24. febrúar sl., rétt áður en hún var handtekin vegna málsins, og voru það pund, sem hún hafði með sér í það skipti í bankann. Var um að ræða 20 og 50 punda seðla, en ekki þorir ákærða að fullyrða um magn hvorrar tegundar. Þá var hún með afganginn af pundunum nema 4.000 pund í bifreið fyrir utan bankann. Ákærða vissi ekki um þjófnaðinn úr tollpóststofunni fyrr en tveimur dögum eftir, að hún var handtekin, og las það þá í Morgunblaðinu. Ákærða man ekki eftir að hafa heyrt minnst á það á heimili hinna ákærðu í nóvember 1996, að horfið hefðu pund af tollpóststofunni.

Ákærða segir, að Iðunn hafi hringt til sín, rétt áður en hún fór upp á Akranes, og sagst vera að guggna á málinu. Kvaðst hún myndu koma í bæinn á sunnudeginum, og tókst ákærðu að ná í hana í síma um kl. 18.30 þann dag. Sagðist ákærða vera að fara að borða, og tæki það kortér, þar sem búið væri að panta matinn. Kvaðst ákærða geta komið, þegar maturinn væri búinn, og þá rétt fyrir kl. 19. Það sagði Iðunn ekki hægt, þar sem hún væri að fara í mat til foreldra sinna og síðan í leikhús. Gaf hún því ákærðu ekkert færi á að koma þetta kvöld. Ákærða kveðst, þegar hún kom í bankann næsta morgun, hafa sinnt erindi fyrir fóstbróður sinn, Friðrik Höskuldsson, og gerði það hjá þjónustufulltrúa. Síðan fór hún að stúku Iðunnar og var með öll plöggin vegna Friðriks fyrir framan sig á borðinu. Kom það flatt upp á ákærðu, að Iðunn spurði, hvort ákærða ætlaði ekki að skipta. Var ákærða hissa, þar sem búið var að ákveða að hverfa frá slíkum gjörðum.

Ákærða hafði hringt til ákærðu Sigrúnar Öldu kvöldið áður og sagt henni, að hún væri hætt við að taka þátt í peningaskiptunum, og hvatti til þess, að peningunum yrði skilað til yfirvalda. Fannst ákærðu henni léttu við þessi ummæli, en ekki var gengið frá þessu endanlega þá um kvöldið.

Ákærði Arngrímur segist saklaus, og hafi hann ekki vitað, að sterlingspundin væru stolin. Hann segir ákærða Kristófer hafa komið í heimsókn til ákærðu Arnfríðar, þegar ákærði var ekki heima, en hann býr með ákærðu. Samkvæmt frásögn ákærðu Arnfríðar sagði ákærði Kristófer henni, að hann væri með ensk pund, sem hundur sinn hefði fundið, þegar hann var að viðra hann, en ekki kom fram, hvar það hefði verið né um hve mikið fé

hefði verið að ræða. Ákærði man ekki, að það hafi komið fram hjá ákærðu Arnfríði, að ákærði Kristófer hefði í þessari heimsókn sagt, að þau ákærði og hún mættu eiga helminginn af fénu, né man hann eftir, að ákærða Arnfríður segði, að eitthvert marihuana hefði verið með pundunum.

Skömmu eftir þessa heimsókn fóru ákærði og ákærða Arnfríður í heimsókn til ákærðu Kristófers og Sigrúnar Öldu. Ítrekaði þá ákærði Kristófer sögu sína um fund pundanna og sótti jafnframt gulan plastpoka, sem hann sýndi þeim í, en í honum var ekkert annað en ensk pund, sem við lauslega talningu á staðnum að þeim öllum ákærðu viðstöddum voru u. þ. b. 20.000 pund í 20 og 50 punda seðlum. Þá man ákærði, að annað hvort húsráðenda sýndi honum lítinn plastpoka með einhverju grænu grasi í, sem annaðhvort ákærði Kristófer eða ákærða Sigrún Alda sagði vera fíkniefni. Ekki man vitnið, hvaða tegund var talað um. Leist ákærða ekki vel á málið. Ákærðu Kristófer og Sigrún Alda buðu þeim hinum ákærðu þetta kvöld, að þau mættu eiga helminginn af pundunum, en ekki man ákærði, hvort einhver skilyrði voru sett fyrir þessu boði. Þau tóku þó ekki á þessum tíma við neinu fé. Rætt var um þetta mál í nokkur skipti, og síðan gerðist það á heimili ákærða og ákærðu Arnfríðar að hinum ákærðu viðstöddum, að rætt var um að skipta einhverjum hluta fjárins í banka, en til tals kom, að hugsanlega væri um „dóp“-peninga að ræða eða falsaða seðla.

Nokkru síðar komu ákærði Kristófer og ákærða Sigrún Alda á heimili þeirra hinna ákærðu með talsvert af pundum, en ekki veit ákærði, hvort um var að ræða allt það fé, sem þau ákærða Arnfríður höfðu áður séð á heimili þeirra hinna ákærðu. Ákærði segir, að tekin hafi verið ákvörðun um að skipta pundunum, a. m. k. einhverjum hluta þeirra, svo að ekki yrðu vandræði, ef þau síðar vildu nýta sér pundin erlendis, og skyldi einhverjum hluta þeirra skipt í banka. Ákærði man ekki, hvort hann stóð sjálfur að þessari ákvörðun, en hann vissi um hana og mótmælti henni ekki við ákærðu Kristófer og Sigrúnu Öldu. Ákærði segist hafa sagt ákærðu Arnfríði sína skoðun á málinu, og ættu þau ekki að taka þátt í þessu. Segir ákærði, að ákærða Sigrún Alda hafi skipt einhverjum pundum í banka í Mosfellsbæ og ákærða Arnfríður ætlað að skipta einhverju í Múlaútibúi Landsbankans. Samt hafi hún verið á báðum áttum, að ákærða fannst, en hvort hún hefði gert það, vissi ákærði ekki. Ákærði man ekki nákvæmar dagsetningar á framangreindu ferli, en kveðst allan tímann hafa trúað sögunni um fund pundanna og fallist á með hinum ákærðu að taka þátt í að skipta þeim. Féllst hann á að þiggja helmingshlut ásamt ákærðu Arnfríði. Ákærði átti samt ekki að sjá neitt um skiptin og gerði ekki og fylgdist ekki nákvæmlega með, hvar ákærða Arnfríður geymdi þau pund, sem komið var með á heim-

ili þeirra. Ákærði vissi ekki um peningahvarfið á tollpóststofunni, fyrr en eftir að sambýliskona hans var handtekin vegna málsins.

Ákærði Kristófer segist saklaus af því að hafa stolið fénu, sem um ræðir í málinu. Hann kannast hins vegar við að hafa haft undir höndum töluvert magn af sterlingspundum, en hafa fundið þau, en ekki stolið þeim. Ákærði skýrir svo frá, að hann hefði í febrúar sl. starfað hjá tollgæslu Íslands í átta ár og frá 1991 verið með fíkniefnahund hennar. Ákærði kveðst hafa um miðjan desember sl. fundið pakka með enskum pundum í gjótu í Hafnarfjarðarhrauni. Var hann þar á ferð með fíkniefnahundinn, þegar hundurinn fór að krafsa þar á tilteknum stað. Ákærði reif upp pakkann að nokkru leyti og sá, að í honum var eitthvert safn erlendra seðla og auk þess lítillræði af marihuana í plastpoka inn á milli seðlabúntanna. Hann geymdi síðan pakkann í vinnubifreið sinni, en tæpum mánuði síðar sagði ákærði eigin konu sinni, ákærðu Sigrúnu Öldu, frá tilvist pakkans og kom þá heim með hann. Tóku þau hjónin síðan í sameiningu umbúðirnar utan af pakknum í eldhúsinu heima hjá sér. Ekki töldu þau seðlana, en settu þá aftur í plastpoka og geymdu hann inni í svefnherbergisskáp. Nokkrum dögum síðar tók ákærði pakkann, og í eldhúsinu skipti hann peningunum í tvo jafnstóra parta að konu sinni viðstaddri. Ekki taldi ákærði peningana, en áætlaði, að um væri að ræða 40–60.000 pund. Helming fjárins setti ákærði í plastpoka og faldi í vélarrými vinnubifreiðar sinnar, en hinn helminginn í fataskáp í svefnherberginu heima hjá þeim ákærðu Sigrúnu Öldu. Þau hjónin ræddu um hættuna af því að vera með þessa peninga, og vissi ákærði, að peninga-sending hafði horfið af tollpóststofunni fyrr um haustið, en ekki, að um ensk pund var að ræða. Rætt var um peningana á marga vegu, og einhvern tíma síðar kom fram, að hugsanlegt væri, að þessir peningar gætu verið þeir peningar, sem hurfu af tollpóststofunni. Ákærði tekur fram, að á þessum tíma hafi hann ekki heyrt þess getið í fjölmiðlum, að peninga væri saknað. Ákærði vill, að það komi fram, að á þessum tíma hafi hvergi heyrst, að ensk pund hefðu horfið.

Um mánaðamót janúar/febrúar datt ákærða og ákærðu Sigrúnu Öldu í hug að fá ákærðu Arnfríði, vinkonu þeirra, sem starfað hafði sem bankagjaldkeri, til þess að kanna, hvort eitthvað af seðlunum væri eftirlýst. Eftir þessa ákvörðun ræddi ákærði við ákærðu Arnfríði í síma, en heimsótti hana síðan, sagði henni frá seðlunum og bað hana að kanna, hvort númer þeirra væru birt á listum hjá bönkunum.

Nokkrum dögum síðar komu ákærðu Arnfríður og Arngrímur á heimili ákærða og ákærðu Sigrúnar Öldu, og ræddu þau málið þar fram og aftur og tóku fram og skoðuðu seðlana, sem geymdir voru í svefnherberginu. Tók

ákærði á þeim með gúmhönskum, til að ekki kæmu á þá fingraför. Hann minnir, að ákærðu Arnfríður og Sigrún Alda hafi einnig tekið á seðlunum með gúmhönskum. Ákærði setti síðan seðlana aftur í pokann og inn í skáp, en ákærða Arnfríður kvaðst geta kannað, hvort seðlarnir væru eftirlýstir, og jafnframt var ákveðið, að þau Arngrímur fengju sjálf helminginn af seðlunum, ef þeir yrðu nýttir, en það yrðu þeir ekki, ef þeir yrðu eftirlýstir.

Einum eða tveimur dögum síðar sagði ákærða Sigrún Alda ákærða, að hún hefði heyrt í ákærðu Arnfríði, sem hefði sagt sér, að hún væri búin að kanna málið og engar líkur á því, að seðlarnir væru eftirlýstir.

Um tveimur dögum síðar fór ákærði með þann hluta seðlanna, sem verið hafði í svefnherbergisskápnunum, heim til ákærðu Arnfríðar í þeim tilgangi, að hún kannaði, hvort seðlarnir væru í lagi gagnvart bönkum. Eftir þetta, einhverju síðar, fóru ákærði og ákærða Sigrún Alda heim til hinna ákærðu. Var þá ákærða Arnfríður búin að telja alla peningana og búnta þá með bréfklemmum. Taldi hún um vera að ræða rétt um 20.000 pund, og væri allt í lagi með seðlana. Tóku þá ákærði og ákærða Sigrún Alda helminginn af fénu heim með sér, og setti ákærði það ofan í bláa fötu, sem var þar uppi á eldhúsinnréttingunni.

Daginn eftir var lokað fyrir rafmagn heima hjá ákærða og ákærðu Sigrúnu Öldu. Tók hún það þá upp hjá sjálfri sér að fara með 1.000 pund í banka í Mosfellsbæ til þess að greiða reikningana. Fékk hún fyrir 600 pund íslenska peninga, sem hún notaði til að greiða með reikningana, en átta 50 punda seðlum skipti hún í 20 punda seðla, sem voru í stofuskáp á heimili ákærða og rannsóknarlögreglan tók þaðan við húsleit. Telur ákærði þau sjálf ekki hafa eytt meiru af fénu. Ákærði kveðst hafa vitað, að ákærða Arnfríður ætlaði að leita eftir aðstoð til annarra vegna könnunar á seðlunum. Ákærði kveðst ekki hafa þorað að segja yfirvöldum frá pakkanum vegna stöðu sinnar sem tollvörður, þar sem hann vissi um hvarf peninga í póstinum og taldi, að það myndi vekja grunsemdir um hlut sinn að því, ef hann skilaði pakkanum, og enginn trúa sögu sinni. Á þessum tíma kveðst ákærði ekki hafa vitað, eins og áður er fram komið, að ensk pund hefðu horfið. Var það ákvörðun þeirra hjóna, ef seðlarnir yrðu ekki eftirlýstir, að þau notfærðu sér þá. Ákærði játaði í yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu 26. febrúar sl., að hann hefði stolið pundseðlunum á tollpóststofunni daginn, sem þeir hurfu þaðan, og kveðst einkum hafa gert þetta til þess að koma í veg fyrir, að kona sín yrði úrskurðuð í gæsluvarðhald, en hann kveðst hafa ákveðið að kvöldi 26. febrúar að draga framburð sinn til baka og gerði það næsta dag. Ákærði telur, að komið hafi fram í yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu, að rannsóknin beindist að hvarfi á enskum pundum. Ákærði segir,

að réttargæslumaður sinn hafi upplýst sig um, að hugsanlega yrði farið fram á gæsluvarðhald yfir honum og konu hans.

Ákærði kveðst hafa komið á tollpóststofuna tvívegis sunnudaginn 24. nóvember sl., í fyrra skiptið rétt fyrir klukkan 13, og látið hundinn leita í pósti. Ákærði heldur því fram, að hann hafi aldrei verið einn í tollskoðunarherberginu í þetta sinn og hvorki tekið eftir svokölluðum ábyrgðarkörfum þar né fyrir utan herbergið eða annars staðar. Ákærði kom síðan aftur á milli kl. 17.30 og 18 á tollpóststofuna og lét hundinn leita í pósti, sem þá var kominn. Telur ákærði sig hafa hitt sömu tollverði í þetta sinn og fyrr um daginn, Hörð Davíð Harðarson og Ólaf Þorgeirsson. Kveðst ákærði aðeins hafa farið inn í póstsalinn í þetta sinn og látið hundinn leita þar, en man ekki til þess að hafa komið í tollskoðunarherbergið né séð ábyrgðarkörfur. Ákærði kveðst þekkja póstumslög, sem hafi að geyma peninga og aðra fjármuni, og komi þau frá ábyrgðardeild póstsins til tollvarða í lokuðum körfum. Ákærði frétti um hvarf seðlapakkans næsta dag og vissi, að allir lágu undir grun um að vera valdir að hvarfinu. Ákærði gerði ekki skýrslu um það marihuana, sem var í pakkanum í hrauninu, en ætlaði að gera það síðar. Hann getur ekki upplýst um það fé, sem talið er vanta í pakkann. Ákærði segist hafa séð hundinn krafsa á tilteknum stað í hrauninu, og er hann hafi farið að skoða málið nánar, hafi hundurinn sýnt gjótunni áhuga og krafsað í gjótubarminn, eins og hann vildi sýna áhuga á einhverju, sem væri þar niðri. Varð þetta til þess, að ákærði fór ofan í gjótuna og fann pakkann, en hann sást ekki ofan frá. Sá hann fyrst plastpokann, sem pakkinn var í, og lá steinn að pokanum. Undir ákærða er borinn sá framburður hans hjá RLR, að hann hafi fundið pakkann undir grjóti í hrauninu, og hann spurður, hvort rétt sé eftir honum haft. Segir hann það rétt, svo langt sem það nái.

Ákærða Sigrún Alda kveðst saklaus og skýrir svo frá, að um miðjan janúar sl. hafi eiginmaður sinn, ákærði Kristófer, komið heim með pakka, sem hann hefði fundið úti í einhverju hrauni. Hefði fíkniefnahundur, sem hann sjái um, vísað á pakkann, sem hefði verið í gulum plastpoka með breiðu límbandi utan um. Þá hefði verið í pakkanum lítill poki með einhverjum fíkniefnum. Var ákærði búinn að taka pakkann upp að einhverju leyti, þegar hann kom heim, en þau í sameiningu lokið við að skoða í hann við eldhúsborðið á heimili sínu. Í pakkanum hefði verið talsvert magn af enskum 20 og 50 punda seðlum, sem flestir voru búntaðir og hvítt bréf utan um hvert búnt. Um kvöldið skiptu þau fjárhæðinni í tvennt og settu helminginn, u. þ. b. 2.000.000 íslenskra króna, í poka, sem þau geymdu á heimili sínu, en ekki veit ákærða hvar. Hinn helminginn tók ákærði Kristófer með

sér út, en ekki veit ákærða, hvar hann kom honum fyrir. Ræddu þau um að geyma seðlana og athuga, hvort þeir yrðu eftirlýstir, en hugðust nota þá, ef enginn gæfi sig fram sem eigandi þeirra og ekki yrði unnt að sjá, hvort þeir væru eftirlýstir. Ákærða man ekki til þess, að þau hafi rætt þetta kvöld, hvort seðlarnir væru hinir sömu og hurfu úr tollpóststofunni í nóvember, og læddist sá grunur ekki að ákærðu, að svo gæti verið. Ákærða man ekki, að þetta kvöld væri rætt um pakkann, sem hvarf hjá póstinum í nóvember, en ákærði Kristófer hafði sagt ákærðu, þegar hann kom úr vinnu 25. nóvember sl., að pakki hefði horfið úr tollpóstinum. Ákærða getur ekki borið, hvort ákærðu Arnfríður og Arngrímur voru þetta kvöld á heimili þeirra ákærðu og hlýddu á tal þeirra um pakkahvarfið. Fíkniefnin setti ákærði Kristófer ofan í bolla uppi í eldhúsinnréttingu. Ákærðu ræddu, hvað gera skyldi við peningana, og hafði ákærða af því tilefni með samþykki ákærða Kristófers samband við ákærðu Arnfríði, vinkonu sína, sem unnið hafði í banka árum saman, í því skyni að fá hjá henni ráðleggingar. Og um hálfum mánuði eftir að peningarnir komu inn á heimilið fyrst, hringdi ákærði Kristófer í ákærðu Arnfríði og fór í heimsókn til hennar nokkrum dögum eftir það samtal og sagði henni, hvernig hann hefði fundið peningana. Fór hann fram á það við hana, að hún athugaði, hvort seðlarnir væru eftirlýstir í bankakerfinu. Ákærða Arnfríður tók þessu ekki illa að sögn ákærða Kristófers, en vildi ræða við sambýlismann sinn, ákærða Arngrím.

Einum eða tveimur dögum síðar komu ákærðu Arnfríður og Arngrímur í heimsókn til að ræða málið frekar, og sótti þá ákærði Kristófer seðlapokann, sem var inni á heimilinu. Var hann settur á eldhúsborðið og seðlarnir skoðaðir, taldir og búntaðir. Segir ákærða, að þau hafi öll verið með gúm-hanska við það verk, svo að fingraför fyndust ekki, nema ákærði Arngrímur. Minnr ákærðu, að andvirði seðlanna hafi verið 2,3 milljónir íslenskra króna. Ekki var ákærðu Arnfríði og Arngrími sagt frá hinum seðlapokanum, sem ákærði Kristófer hafði falið einhvers staðar annars staðar. Rætt var á þessum fundi þeirra auk annars um hvarf peninganna frá tollpóststofunni, en ákærði Kristófer hélt fram sögu sinni um fund seðlanna. Man ákærða, að ákærða Arnfríður sagðist hafa séð tilkynningu á fyrrverandi vinnustað sínum um eftirlýsta peninga. Ákveðið var, að ákærða Arnfríður kannaði, hvort seðlarnir í pokanum væru á listum í bönkum landsins, og myndi ákærði Kristófer koma seðlunum til hennar, en ekki tóku ákærðu Arnfríður og Arngrímur neina seðla með sér þetta kvöld. Ákærða man ekki til þess, að á þessum fundi þeirra væri ákveðið, að ákærðu Arnfríður og Arngrímur fengju í sinn hlut helming þess, sem var í pokanum. Segir ákærða, að þetta hafi verið ákveðið annaðhvort á þessum fundi þeirra eða

síðar. Ákærði Kristófer fór síðan til ákærðu Arnfríðar með alla seðlana, sem henni og ákærða Arngrími höfðu verið sýndir, og skildi hann pokann eftir hjá henni, og átti hún að ganga úr skugga um, hvort seðlarnir væru á listum bankanna eða ekki.

Næsta kvöld fóru þau ákærði Kristófer heim til hinna ákærðu og hittu þau. Kvaðst ákærða Arnfríður þá hafa kannað málið, og væru númer seðlanna ekki skráð hjá bönkunum. Ákærði Kristófer hafði aldrei sagt ákærðu frá því, hvað hefði verið í sendingunni, sem hvarf frá póstinum. Ákærði Kristófer tók nú til baka helminginn úr pokanum, sem var hjá hinum ákærðu, og var ákærða Arnfríður þá búin að setja alla seðlana í bunka og hafði talið þá. Ákærða Arnfríður talaði um, að þau myndu ekki nota eigin kennitölur, þegar þau skiptu seðlunum, heldur skipta 50 pundum í 20 punda seðla, en þá væru kaup gjaldeyris ekki skráð, og engin kennitala kæmi fram. Seðlana settu ákærðu við heimkomuna í eldhússkáp. Næsta dag fór ákærða með 1.000 pund í 50 punda seðlum í Búnaðarbankann í Mosfellsbæ. Skipti hún þar 600 pundum í íslenska peninga og greiddi með megni þess fjár ýmsa reikninga, þ. á m. síma- og rafmagnsreikninga, en afganginum skipti hún í 20 punda seðla, sem voru í stofuskápnnum á heimili hennar og rannsóknarlögreglan tók þar og lagði hald á. Ákærða skipti seðlunum á eigin kennitölu, og var ákærða Arnfríður óánægð, þegar hún frétti það. Ákærða segir hana og ákærða Kristófer hafa ætlað að eiga pundin sem varasjóð. Ákærða vissi, að ákærða Arnfríður hafði talað við konu í Múlaútibúi Landsbankans og að sú kona hefði gefið ákærðu Arnfríði upplýsingar um, að ekki lægi fyrir í bönkum listi yfir aðra pundsseðla, sem eitthvað væri athugasvert við, en 10 punda seðla, og væri sá listi geymdur undir einhverri borðmottu, þar sem enginn liti á hann, og væri því engin hætt á ferðum. Þá kom fram hjá ákærðu Arnfríði, að Iðunn, vinkona hennar, ætlaði að aðstoða hana við að skipta seðlunum, og átti hún að fá 1.500 pund frá ákærðu Arnfríði og Arngrími og sömu fjárhæð frá hinum ákærðu. Ákærða kveðst sunnudaginn 23. febrúar sl. hafa krumpað seðlana, sem voru heima hjá henni, og sett þá í búnt. Þetta gerði hún, svo að allt liti betur út, ef seðlunum yrði skipt.

Næsta skref átti að vera á mánudeginum, þegar Iðunn átti að aðstoða ákærðu Arnfríði við að skipta seðlum. Ákærða veit ekki, hvað hefur orðið af þeim seðlum, sem ekki hafa komið í leitirnar. Ákærðu kom ekki í hug, áður en lögreglan hafði afskipti af henni, að peningarnir í tollpóststofunni hefðu horfið fyrir tilvernað ákærða Kristófers.

Ákærða segir ákærðu Arnfríði fara með rétt mál um símtalið á sunnudagskvöldinu, en vill bæta því við, að í því hafi komið fram, að Iðunn ætlaði

til tannlæknis kl. 10 næsta morgun, og yrði ákærða Arnfríður þess vegna að vera komin í bankann fyrir þann tíma. Ákærða segir um framburð sinn í skýrslu hjá RLR 25. febrúar sl., að ákærða Arnfríður hafi ætlað að hitta Iðunni gjaldkera daginn áður til að taka næsta skref í málinu, en það hafi verið til að skila peningunum. Ákærða vissi ekki um afturhvarf ákærðu Arnfríðar og Iðunnar frá fyrri fyrirætlunum fyrr en sunnudagskvöldið, og fyrr vissi hún ekki um fundinn í bankanum næsta morgun. Ákærða segir, að fjárhagur þeirra hjóna hafi verið bágborinn á þessum tíma.

Vitnið Hörður Davíð Harðarson er yfirtollvörður hjá tollgæslunni í Reykjavík og var á vakt sem yfirmaður í tollpóststofunni við Ármúla sunnudaginn 24. nóvember sl., þegar ákærði kom þangað með fíkniefnahundinn um kl. 13. Var hann fram undir kl. 14.45 í húsakynnum tollsins. Kl. 13 fór ákærði með hundinn til að þefa af vögnum, sem á var póstur, en að því loknu fóru starfsmenn póstsins að opna pokana. Á meðan beið ákærði Kristófer inni í skoðunarherbergi tollsins, þar sem von var á meiri pósti í húsakynnin upp úr kl. 14. Vitnið var viðstatt upptöku póstsins í móttökusal hans, þar sem hellt er öllum pósti, sem til landsins kemur. Ólafur, starfsbróðir vitnisins, var inni í skoðunarherbergi tollsins með ákærða Kristófer, á meðan vitnið var á hinum staðnum. Um leið og búið var að opna nokkra póstpoka, fór vitnið með einn vagn inn í skoðunarherbergi tollsins, þar sem Ólafur fór að skoða það. Síðan hélt vitnið áfram upptöku pósts til kl. rúmlega 15. Var ákærði allan þann tíma inni í skoðunarherberginu með Ólafi. Vitnið varð vart við það, þegar grindin með ábyrgðarpóstinum kom ofan úr ábyrgðardeildinni og inn í skoðunarherbergi tollsins. Var kl. þá um 14. Vitnið sá í ábyrgðargrindinni sendingar, sem augljóslega voru verðsendingar milli banka. Sagði vitnið Ólafi að hætta í bréfasendingunum og byrja að skoða ábyrgðarsendingarnar, þar sem meira lægi á þeim. Var ákærði Kristófer þá enn inni í skoðunarherberginu. Vitnið fylgdist ekkert með ákærða Kristófer, þegar hann fór, en störfum hans átti að vera lokið á milli kl. 14.30 og 14.45. Tímasetningar vitnisins eru eftir minni. Vitnið kveður ákærða hafa komið aftur í húsakynni tollsins með hundinn um kl. 18. Ekki fylgdist vitnið sérstaklega með ákærða eða veru hans í húsinu í þetta skipti. Vitnið segir, að ábyrgðargrindin hafi verið á skrifstofu bögglaðeildar milli kl. hálf sjö og sjö, er það lauk störfum. Vitnið telur, að allir starfsmenn tollsins þekki þá pakka í ábyrgð, sem hafi að geyma fé í flutningi milli banka. Telur vitnið samkvæmt dagbók sinni, að hundurinn hafi þefað af póstinum umræddan dag kl. 13, 14 og 18.30. Þetta er skráð, til þess að ljóst sé, hvenær hundurinn er að starfi, og má þá sjá, af hvaða póstsendingum hefur verið þefað. Vitnið veit ekki, hvenær ábyrgðarsendingarnar komu inn í skoðunarherbergið frá

ábyrgðardeildinni umræddan dag. Vitnið kveður einhverjar af stóru dyrunum að húsakynnum póstsins við Ármúla að neðanverðu að jafnaði opnar eða ólæstar og litlar dyr lengst til vinstri jafnan ólæstar, þegar fólk var að störfum í húsakynnum, en þessu verið breytt sl. sumar. En þrátt fyrir það að nú sé læsing í hurðinni, séu dyrnar, eftir því sem vitnið veit best, jafnan ólæstar.

Vitnið Ólafur Þorgeirsson starfar hjá tollgæslunni í Reykjavík og í nóvember sl. í tollpóststofunni við Ármúla og var þar á vakt síðdegis sunnudaginn 24. nóvember sl. Vitnið hóf störf þennan dag kl. 13 og var eins og jafnan um helgar við störf m. a. við tollskoðun og tollefthrit í tollskoðunarherberginu. Hafi ákærði komið þar upp kl. 13 með fíkniefnahundinn og farið inn í tollskoðunarherbergið. Var hann þar einn, meðan vitnið fór að hita vatn í kaffi upp á næstu hæð og var nokkrar mínútur í burtu. Engar ábyrgðarsendingar voru komnar í herbergið, þegar vitnið fór upp, og ekki man vitnið, hvort þær voru komnar, þegar það kom aftur niður. Vitnið telur, að það hafi einhvern tíma brugðið sér fram úr herberginu, eftir að ábyrgðarsendingar voru komnar þar inn, og muni ákærði hafa verið þar einn einhvern tíma, eftir að þær voru komnar inn í herbergið. Vitnið þekkir verðsendingar af umbúðum þeirra og sá slíkar sendingar í körfunni þetta síðdegi, þegar það fór að skoða í körfuna. Telur vitnið, að ákærði hafi ekki verið farinn úr tollskoðunarherberginu, þegar vitnið fór að skoða í körfuna, en vitnið sá ekki, hver kom með hana. Ekki vissi vitnið, hversu margar verðsendingar áttu að vera í körfunni, og þurfi starfsmenn tollsins ekki að stemma þær af við lista póstsins. Vitnið tók ekki eftir, hvenær ákærði fór úr húsakynnum tollsins, en giskar á, að það hafi verið á milli kl. 15 og 15.30. Vitnið tekur fram, að mikið hafi verið að gera þennan dag. Vitnið telur, að einhver grind hafi verið fyrir utan skrifstofu bögglaðeildar, eftir að vitnið var búið að fara með ábyrgðarkörfuna inn í skrifstofu deildarinnar. Vitnið treystir sér ekki til að segja til um, hvort þetta var ábyrgðarkarfan eða einhver önnur karfa. Fyrir utan skrifstofuna var hins vegar engin karfa, þegar vitnið fór með ábyrgðarkörfuna á milli. Vitnið telur, að ábyrgðarkarfan hafi komið inn til þess í tollskoðunarherbergið einhvern tíma í kringum kl. 14, og fullyrðir, að ákærði hafi einhvern tíma verið einn í herberginu, eftir að ábyrgðarkarfan var komin þangað.

Vitnið Sveinbjörn Rúnar Svavarsson kveðst starfa í bögglaðeild póstmíðstöðvarinnar við Ármúla og hafa verið þar við störf síðdegis sunnudaginn 24. nóvember sl. Hafi ábyrgðarkarfan komið þennan dag á milli kl. 14.15 og 14.30 með lyftu úr ábyrgðardeild og stúlka úr deildinni komið með hana inn í bögglaðeildina. Vitnið tók við körfunni, kvittaði fyrir henni og ók henni

inn í tollgæsluherbergið, þar sem tollskoðunin átti að fara fram. Þar var ekki kvittað fyrir henni, og skildi vitnið hana þar eftir, en ekki man það eftir sérstökum orðaskiptum við þá, sem þar voru inni í þetta sinn. Var Ólafur tollvörður þar inni, en ekki man vitnið, hvort ákærði var þar, en sá hann síðar við tollstörf í deild þess, en ekki, hvenær ákærði hvarf á brott. Vitnið þekkir verðsendingar frá öðrum sendingum og veit, að þær hafa inni að halda peninga. Ekki treystir vitnið sér til að segja nákvæmlega um ferðir ákærða Kristófers í húsinu þennan dag eða hvort hann var þar, eftir að ábyrgðarsendingin barst.

Vitnið Jóhanna Andrea Guðbjartsdóttir er deildarstjóri í tollgæslunni í Reykjavík og starfar í póstmíðstöðinni í Ármúla. Vitnið segir starfsmenn vita, að verðsendingar hafi að geyma peninga, en ekki, hversu mikið er í hverri einstakri sendingu eða hvaða mynt. Alltaf er sama tryggingarupphæð fyrir hverja sendingu af þessu tagi, og skiptir verðgildi sendingarinnar engu í því efni. Fyrir komi, að fíkniefni, sem hald er lagt á í póstinum, séu geymd í húsakynnum hans og tollgæslunnar næstu nótt eða jafnvel sólarhring. Sé fíkniefnalögreglu gert viðvart, þegar efni finnst, og sjái lögreglan ýmist um að sækja þau eða hundamaðurinn fari með efnin og í undantekningartilvikum starfsfólk tollgæslunnar sjálft.

Vitnið Hildur Stefánsdóttir starfaði hjá bögglaeild póstmíðstöðvarinnar við Ármúla í nóvember sl. og var þar við störf sunnudaginn 24. þ. m. síðdegis, en kom til starfa um hádegi. Vitnið kveðst hafa séð, þegar ábyrgðarsending barst til deildarinnar um kl. 14.15 úr ábyrgðardeild, og var hún í sams konar körfu og annar póstur. Sé í körfunni blá bók, þegar um ábyrgðarsendingar er að ræða, og á því þekki starfsmenn, hvað karfan hafi inni að halda. Kvittað er í þessa bók við komu körfunnar, og gerði Sveinbjörn Rúnar það í þetta skipti. Vitnið heldur, að Sveinbjörn Rúnar hafi síðan farið með körfuna inn á skrifstofu deildarinnar, séð hann stefna þangað, en ekki fylgst með honum alla leið. Fór vitnið þá upp á næstu hæð og hélt áfram störfum sínum þar á lager deildarinnar. Næst sá vitnið körfuna um kl. 18 um kvöldið, en þá sótti vitnið hana með innihaldinu frá því fyrr um daginn inn á skrifstofu bögglaeildar. Var þá í körfunni auk sendinganna skrá um innihald körfunnar, og var hún úr bláu bókinni, og hafði verið skilin eftir í körfunni fyrr um daginn. Fór vitnið yfir innihald körfunnar á lagernum á 2. hæð og bar það saman við listann. Sá vitnið þá strax, að í verðsendingarnar, sem lágu efst í körfunni, vantaði eina sendingu. Lauk vitnið við að merkja og átti von á, að sendingin væri neðar í körfunni, en svo var ekki. Til að fullvissa sig fór vitnið aftur yfir innihaldið og listann, en ekki kom sendingin fram. Fór vitnið þá með körfuna og listann niður á 1. hæð,

en vinnu þess var að ljúka. Þar hitti vitnið Sveinbjörn Rúnar og sagði honum frá vöntuninni. Tók hann við körfunni og listanum og bar að láta hvort tveggja inn í læstan peningaskáp. Gerði vitnið ráð fyrir, að það myndi hann gera, en horfði þó ekki á hann gera það.

Vitnið María Steingerður Baldursdóttir starfaði í póstmíðstöðinni við Ármúla í nóvember sl. í ábyrgðardeild og var við störf síðdegis sunnudaginn 24. nóvember sl. og kom til starfa kl. 13. Segir vitnið, að karfa með ábyrgðarsendingum, þar með verðsendingum, hafi farið úr deildinni þennan dag milli kl. 14. og 14.30, og voru verðsendingarnar efst í körfunni ásamt blárri kvittanabók. Fór vitnið með körfuna niður í bögglaðeild á næstu hæð fyrir neðan og lét Sveinbjörn Rúnar kvitta í bókina og tók hana með til baka. Varð karfan eftir í umsjón Sveinbjörns Rúnars, en vitnið sjálft hélt til starfa í ábyrgðardeildinni. Um kl. 17 kom vitnið niður í bögglaðeild með aðra ábyrgðarsendingu og sá þá, að fyrri karfan var enn í deildinni. Var hún nú í herbergi tollvarða, en þar hafði vitnið ekki skilið hana eftir. Vitnið varð ekkert vart við ákærða Kristófer í húsinu þennan dag, enda vinnur vitnið á annarri hæð en þar, sem hann er vanur að koma. Vitnið segir, að áður en margnefnd karfa fór úr ábyrgðardeildinni, hafi það borið saman verð pakkanna við það, sem var fært inn í bókina, og sá, að allir pakkarnir voru þar. Voru tvær blaðsíður fylltar út þennan dag með innihaldi körfunnar, en láðst hafði að geta á hinni síðari um fjárhæðir verðsendinganna. Af þessari ástæðu fór vitnið aftur yfir bókina og innihald körfunnar, en man ekki, hversu margar verðsendingarnar voru.

Vitnið Anna Íris Sigurðardóttir er gjaldkeri í Múlaútibúi Landsbankans og hefur starfað þar í tvö og hálft ár. Vitnið kannast við ákærðu Arnfríði, en þær störfuðu saman um tíma og þekkjast því. Vitnið kveður ákærðu Arnfríði hafa hringt heim til þess snemma í febrúar sl. og spurt sig, hvort það gæti athugað fyrir hana blað í bankanum, sem ákærða vissi um. Átti vitnið að athuga, hvað stæði á þessu blaði, en á því áttu að vera upplýsingar um enska pundsseðla. Bað ákærða vitnið að taka ljósrit af þessu blaði og hringja til sín, þegar vitnið kæmi úr vinnunni. Gerði vitnið þetta. Vitnið rakti efni blaðsins fyrir ákærðu í gegnum síma, annaðhvort sama dag og það fann blaðið í bankanum eða næsta dag. Vitnið man hins vegar ekki, hvaða dag þetta var. Vitnið segir, að ákærða hafi gefið þá skýringu á fyrirspurn sinni, að vinkona hennar væri að selja bifreið og fengi greiðsluna í pundum. Þótti ákærðu þetta skrýttinn greiðslumáti og vildi þess vegna tala við vitnið um þetta.

Vitnið Iðunn Gestsdóttir er gjaldkeri í Múlaútibúi Landsbankans og hefur verið þar sl. sjö ár. Þá er vitnið vinkona og frænka ákærðu Arnfríðar,

sem einnig starfaði um tíma í þessu sama útibúi sem gjaldkeri. Vitnið segir, að mánudaginn 17. febrúar sl. hafi ákærða Arnfríður hringt til þess um kl. 19 að kvöldi og sagt því, að hún ætlaði að koma í kaffi um kvöldið. Fljótlega eftir að ákærða kom, fór hún að segja vitninu, að hún og þrenn eða fern hjón hefðu farið í sumarbústað upp í Borgarfjörð og verið með leitarhund með sér, sem einn í hópnum hefði átt. Hefði hundurinn verið úti að hlaupa, en komið svo inn í bústaðinn með pakka og lagt hann fyrir fætur húsbónda síns. Sagði ákærða, að í pakkanum hefðu verið eiturlyf og fullt af enskum pundum, að fjárhæð um 4.000.000 ísl. króna. Segir vitnið ákærðu hafa sagt, að eiturlyfjunum hefði verið sturtað niður í salerni, en þau ætluðu að skipta pundunum í fjóra jafna parta á milli sín. Bauð ákærða vitninu 3.000 pund fyrir að aðstoða sig við að skipta pundunum í bankanum, bæði í íslenska peninga og notaða enska peninga. Fylgdi það með, að um væri að ræða nýja sedla.

Vitnið trúði þessu ekki í fyrstu, en á þriðjudeginum kom ákærða með ensk pund í poka heim til vitnisins, og voru þau þar talin, en ekki man vitnið, hversu mörg þau voru. Pundin voru skilin eftir hjá vitninu, sem notaði afgang af sumarleyfi sínu næstu þrjá virka daga. Á fimmtudagsmorguninn hringdi vitnið í ákærðu Arnfríði og bað hana að sækja pundin, þar sem vitnið vildi ekki taka að sér verkefnið. Gat ákærða Arnfríður þá ekki komið, og næsta dag fór vitnið upp á Akranes og var þar fram á sunnudagsmorgun. Fór þá vitnið til Reykjavíkur með lögreglumanni frá Akranesi, sem það var búið að segja frá málinu. Ætlaði vitnið að hitta ákærðu Arnfríði sunnudagskvöldið, en hún var þá bundin og gat ekki hitt vitnið. Var því ákveðið, að þær hittust mánudagsmorguninn í bankanum. Gekk það eftir, og þar var ákærða Arnfríður handtekin, en rétt áður hafði vitnið afhent ákærðu pundin aftur. Vitnið telur, að ákærða Arnfríður hafi verið með það „planað“, hvernig standa skyldi að málinu. Vitnið kveður það, sem gerst hafi í bankanum, hafa verið að fyrirmælum lögreglunnar. Vitnið segir, að ákærða hafi sagt á fimmtudagsmorgninum, að það væri allt í lagi, þó að vitnið hætti við málið. Ekki man vitnið, hversu hárrí fjárhæð það tók við hjá ákærðu Arnfríði, en hafa vitað það á þeim tíma. Vitnið fullyrðir, að ekkert hafi hindrað það í að hitta ákærðu Arnfríði sunnudagskvöldið, það hafi eingöngu verið hún, sem gat ekki hitt vitnið. Segir vitnið lögregluna geta borið um þetta, því að starfsmaður hennar hafi verið á heimili þess þetta kvöld. Vitnið man eftir að hafa sagt ákærðu Arnfríði í símann á sunnudagskvöldið, að það hefði í hyggju að fara í leikhús um kvöldið. Hins vegar man vitnið ekki, hvort það bar á góma í þessu samtali, að vitnið ætlaði í mat til móður sinnar. Vitnið man ekki eftir, að ákærða Arnfríður hafi boðist til þess að koma

til þess á sunnudagskvöldið fyrir kl. 19, áður en það færi í mat til móður sinnar.

Vitnið Arnar Jensson aðstoðaryfirlögregluþjónn kveðst hafa munað eftir því orðalagi í skýrslu ákærða Kristófers hjá lögreglu 24. febrúar sl., að ákærði hefði fundið pakka undir grjóti úti í hrauni, þegar það tók aðra skýrslu af ákærða og hann kvaðst hafa fundið pakkann í gjótu. Vitnið man ekki sérstaklega eftir því, þegar fyrri framburðurinn kom fram. Vitnið vekur athygli á því, að þar sem þetta sé innan tilvitnunarmerkja, sé þetta orðalag ákærða sjálfs. Vitnið segir, að verjandi ákærða hafi haft samband við það, eftir að ákærði hafði gefið tvær skýrslur, og skýrt frá því, að ákærði hefði hjá honum viðurkennt að hafa stolið peningunum og vildi bera um það. Vitninu fannst þetta svo mikið innlegg í málið, að það vildi taka skýrslu af ákærða strax og láta aðra skýrslutöku bíða, sem það var byrjað á. Vitnið telur, að ekki hafi verið búið að segja ákærða Kristófer frá því, þegar hann vildi koma játningunni á framfæri, að búið væri að ákveða að óska eftir gæsluvarðhaldi yfir honum eða konu hans, og telur, að verjanda ákærða hafi fyrst verið tilkynnt, þegar hann boðaði játningu ákærða, að til stæði að óska eftir gæsluvarðhaldi. Vitnið man ekki nákvæmlega eftir samtalinu við verjandann, en telur, að þar sem haft sé eftir ákærða Kristófer í skýrslunni, að hann vildi játa að hafa tekið pakka með enskum pundsseðlum, hljóti verjandinn að hafa sagt þetta. Vitnið minnst þess, að ákærði hafi talað um það frá upphafi í yfirheyrslum, að hann vissi, að í horfnu verðsendingunni hefðu verið ensk pund. Vitnið segir í sambandi við skýrslutökuna yfir ákærða 24. febrúar sl., að í formála skýrslunnar sé ekki minnst á ensk pund, og sé það gert til þess, að fram komi í framburði ákærða sjálfs, um hvaða gjaldmiðil væri að ræða. Vitnið vill ekki fullyrða, hvort ákærða Arnfríður hringdi sunnudagskvöldið í Íðunni eða hvort það var Íðunn, sem hringdi í ákærðu. Vitnið kannast ekki við, að þeir lögreglumennirnir í bankanum hafi haft hönd í bagga með því, að ákærða Arnfríður skipti 1.000 pundum í bankanum á mánudagsmorgninum á nafni og kennitölu Friðriks Höskuldssonar. Vitnið man ekki til þess að hafa séð neitt athugavert við það, þegar ákærði Kristófer játaði þjófnaðinn á peningunum 25. febrúar sl. hjá rannsóknarlögreglu. Vitnið man, að þjófnaðurinn á peningunum var kærður næsta dag til RLR og að einhver rannsókn fór fram, sem leiddi ekki til neins. Þá segir vitnið það hafa komið í ljós við rannsókn, að ákærði Kristófer átti ekki að hafa í sínum fótum það marihuana, sem fannst á heimili hans.

Vitnið Högni Einarsson rannsóknarlögreglumaður kveðst hafa farið með ákærða Kristófer að finna gjótuna, þar sem peningapakinn átti að hafa verið. Fór ákærði beint að gjótunni og sýndi þeim lögreglumönnum

hana. Segir vitnið tré hafa verið þar í næsta nágrenni og verið eina kennileitið á þessum slóðum, sem stakk í stúf við annað í umhverfinu. Vitnið segir, að auðveldara muni að fara ofan í gjótuna en upp úr henni, en hefur hvorugt reynt. Kveðst vitnið ekki myndu fara ofan í gjótuna, væri það eitt á ferð, nema það hefði búnað til að komast aftur upp úr henni.

Niðurstöður.

Ákærða Arnfríður hefur viðurkennt að hafa gerst sek um hylmingu, en vill ekki kannast við að hafa vitað, að féð var stolið. Ákærðu Arngrímur og Sigrún Alda hafa hins vegar bæði lýst yfir sakleysi sínu og ákærði Arngrímur tekið fram, að hann hafi ekki vitað, að sterlingspundin voru stolin. Loks neitar ákærði Kristófer að hafa stolið sterlingspundunum, en kveðst hafa fundið þau.

Rétt þykir að leysa fyrst úr þætti ákærða Kristófers, sem varð margsaga við yfirheyrslur hjá rannsóknarlögreglu, eins og fram er komið. Ljóst er, að ákærði var í húsakynnum tollpóststofunnar á svipuðum tíma og sendingin hvarf þaðan, og vitnið Ólafur Þorgeirsson hefur fullyrt, að ákærði hafi einhvern tíma verið einn í tollskoðunarherberginu, eftir að ábyrgðarkarfan kom þangað. Þá er ljóst af lýsingu á gjótu þeirri, sem ákærði segir pakkann hafa verið í, að þangað niður er erfitt að fara og enn verra að komast upp. Saga ákærða um fund pakkans í gjótunni er fjarstæðukennd, og hafnar dómurinn henni eindregið. Er því sannað með játningu ákærða hjá rannsóknarlögreglu um stuld pakkans, sem fær stuðning í því, að ákærði var í húsakynnum tollpóststofunnar, þegar pakkinn hvarf þaðan, að ákærði hefur stolið pakkanum með GBP 52.000 í seðlum. Með þessu hefur ákærði Kristófer gerst sekur um brot á 244. gr., sbr. 138. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærðu Arnfríður og Sigrún Alda eru orðnar uppvísar að því að hafa tekið við og reynt að nýta sér þýfi ákærða Kristófers. Þær neita því að hafa vitað, að ákærði Kristófer hefði stolið peningunum. Aftur á móti hafa þær báðar viðurkennt að hafa vitað, að vörslur hans á pundunum voru löglausear, og það, sem ákærði Kristófer sagði þeim um tilkomu fjárins, gat ekki leitt til annars en þeim yrði ljóst, að vörslurnar voru einnig auðgunarbrot. Ósannað er þó, að þær hafi vitað, að ákærði Kristófer hafði stolið fénu, og hafa þær því gerst brotlegar við 2. mgr., sbr. 1. mgr. 254. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði Arngrímur neitar sök, en kannast þó við að hafa vitað um peningana og haft illan bifur á fyrirtækinu. Hann viðurkennir að hafa eitt sinn samþykkt að þiggja síðar hluta af þeim ásamt eiginkonu sinni, ákærðu Arn-

fríði. Fyrir liggur, að ákærði var fjarstaddur, þegar peningunum var skipt, og átti engan hlut að því og tók ekki við neinu af þeim sjálfur. Þegar lítið er til allra atvika, verður ákærði ekki talinn sekur um brot það, sem hann er ákærður fyrir, og ber því að sýkna hann af ákæru.

Ákærðu, þau er sakfelld eru, hafa aldrei áður sætt refsingu, svo að kunnugt sé.

Við ákvörðun refsingar ákærða Kristófers er til þess að líta, að brot hans er mjög alvarlegt. Ákærði braut af sér sem löggæslumaður í þeim starfa og stal jafnvirði tæpra sex milljóna íslenskra króna. Þá verður höfð hliðsjón af því, að með háttsemi sinni felldi ákærði grun á samstarfsmenn sína um alvarlegan glæp. Þegar allt er virt, þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 15 mánuði, sem ekki er fært að skilorðsbinda vegna alvarleika brotsins.

Refsing ákærðu Arnfríðar og Sigrúnar Öldu þykir hæfilega ákveðin fangelsi í fjóra mánuði, en með hliðsjón af því, að þær hafa ekki áður sætt refsingu, þykir eftir atvikum mega ákveða, að fresta skuli fullnustu refsingar þeirra, og niður skuli hún falla að tveimur árum liðnum frá uppkvaðningu dómsins að telja, haldi ákærðu hvor um sig almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærðu Kristófer og Sigrún Alda hafna bótakröfu þeirri, sem uppi er höfð í málinu, að öðru leyti en því, að þau samþykkja að greiða bætur vegna þeirra 600 punda, sem ákærða Sigrún Alda nýtti í þágu þeirra hjóna. Ákærða Arnfríður hafnar bótakröfunni fyrir sitt leyti, og verjandi hennar krefst þess, að henni verði vísað frá dómi. Bótakrafan þykir réttmæt, og þykir nægjanlega leitt í ljós, hve mikið fé hafi verið í pakkanum. Ber því að dæma ákærðu, sem sakfelld eru, til þess að greiða hana, eins og nánar greinir í dómsorði, en þau öll þrjú höfðu þýfið að öllu eða einhverju leyti í sínum vörslum og bera því ábyrgð á því tjóni, sem af því hlaut, að það komst ekki allt til skila.

Loks ber að dæma ákærðu Kristófer, Arnfríði og Sigrúnu Öldu til þess að greiða sakarkostnað. Skulu ákærðu Kristófer og Sigrún Alda greiða óskipt skipuðum verjanda sínum, Brynjari Níelssyni héraðsdómslögmanni, 120.000 krónur í málsvarnarlaun. Ákærða Arnfríður skal greiða skipuðum verjanda sínum, Erni Clausen hestaréttarlögmanni, 60.000 krónur í málsvarnarlaun, en málsvarnarlaun sama verjanda vegna ákærða Arngríms, 60.000 krónur, skulu greidd úr ríkissjóði. Þá greiði ákærðu Arnfríður, Kristófer og Sigrún Alda óskipt 90.000 krónur í saksóknarlaun til ríkissjóðs, en annan sakarkostnað greiði þau óskipt að 3/4 hlutum, en að 1/4 hluta greiðist hann úr ríkissjóði.

Sigríður J. Friðjónsdóttir, fulltrúi ríkislögreglustjóra, flutti málið af ákærvaldsins hálfu.

Dóm þennan kváðu upp Sverrir Einarsson héraðsdómari sem dómsformaður og meðdómsmennirnir Páll Þorsteinsson og Pétur Guðgeirsson héraðsdómarar.

D ó m s o r ð:

Ákærði Kristófer Kristófersson sæti fangelsi í 15 mánuði.

Ákærðu Arnfríður Thorlacius Pétursdóttir og Sigrún Alda Kjærne-
sted sæti hvor um sig fangelsi í 4 mánuði, en fresta skal fullnustu refs-
ingar þeirra, og niður skal hún falla að 2 árum liðnum frá uppkvaðn-
ingu dómsins að telja, haldi ákærðu hvor um sig almennt skilorð 57.
gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði Arngrímur Arngrímsson er sýknaður af kröfum ákæru-
valdsins í máli þessu.

Ákærðu Arnfríður, Kristófer og Sigrún Alda greiði óskipt í bætur
Jyske Bank í Danmörku, GBP 5.908,33 ásamt vöxtum samkvæmt 7.
gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 24. nóvember 1996 til greiðsludags.

Ákærðu Kristófer og Sigrún Alda greiði óskipt skipuðum verjanda
sínnum, Brynjari Níelssyni héraðsdómslögmanni, 120.000 krónur í
málsvarnarlaun, og ákærða Arnfríður greiði skipuðum verjanda sín-
um, Erni Clausen hæstaréttarlögmanni, 60.000 krónur í málsvarnar-
laun, en málsvarnarlaun sama verjanda vegna ákærða Arngríms,
60.000 krónur, skulu greidd úr ríkissjóði. Þá greiði ákærðu Arnfríður,
Kristófer og Sigrún Alda óskipt 90.000 krónur í saksóknarlaun til
ríkissjóðs, en annan sakarkostnað greiði þau óskipt að 3/4 hlutum, en
að 1/4 hluta greiðist hann úr ríkissjóði.
